

**Hugverkastofan**

17 515

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Hugverkastofan**

**kt. 650191-2189**

**Katrínartún 4, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hugverkastofan er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 188/1991.

Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Þá ber stofnuninni að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 664,4 milljónir og afkoma kr. -7,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -18,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 257,1 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hugverkastofunnar fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	0	0
Rekstrartekjur .....	3	624.524.179	636.431.215
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	39.904.352	28.259.165
<b>Tekjur samtals</b>		<b>664.428.531</b>	<b>664.690.380</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....		1.026.000	995.700
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	472.767.879	453.363.150
Annar rekstrarkostnaður .....	6	187.177.217	214.457.466
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	10.983.615	8.143.019
<b>Gjöld samtals</b>		<b>671.954.711</b>	<b>676.959.335</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(7.526.180)</b>	<b>(12.268.955)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		(106.802)	9.150
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(2.508)	(194.760)
		<u>(109.310)</u>	<u>(185.610)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>(7.635.490)</u></b>	<b><u>(12.454.565)</u></b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	3	(29.609.490)	(34.458.865)
Rekstrartilfærslur .....		21.974.000	22.004.300
		<u>(7.635.490)</u>	<u>(12.454.565)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	8	19.582.345	39.944.906
Viðskiptakröfur .....		5.667.342	3.321.004
Tengdir aðilar .....	9	169.210.313	228.533.331
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		223.230	521.967
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	37.453.023	40.663.770
Óefnislegar eignir .....	11	24.976.385	28.820.138
<b>Eignir samtals</b>		<u>257.112.638</u>	<u>341.805.116</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	(984.061)	2.992.841
Viðskiptaskuldir .....		11.296.835	11.972.309
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	49.605.372	100.005.684
<b>Skuldir samtals</b>		<u>59.918.146</u>	<u>114.970.834</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		197.194.492	226.834.282
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	13	(18.705.508)	10.934.282
Bundið eigið fé .....		215.900.000	215.900.000
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>197.194.492</u>	<u>226.834.282</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>257.112.638</u>	<u>341.805.116</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(7.635.490)	(12.454.565)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	10.983.615	8.143.019
		<u>3.348.125</u>	<u>(4.311.546)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.047.601)	(752.878)
Tengdir aðilar .....		33.341.816	124.513.329
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>(51.075.786)</u>	<u>(64.892.679)</u>
		(19.781.571)	58.867.772
		<u>(16.433.446)</u>	<u>54.556.226</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(10.829.829)	(18.238.598)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu .....		10.829.829	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(3.929.115)	(40.057.778)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		0	18.238.598
		<u>(3.929.115)</u>	<u>(40.057.778)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(20.362.561)	14.498.448
		39.944.906	25.446.458
		<u>19.582.345</u>	<u>39.944.906</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	(32.800.000)	23.000.000	9.800.000	0
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>(32.800.000)</b>	<b>23.000.000</b>	<b>9.800.000</b>	<b>0</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>(32.800.000)</b>	<b>23.000.000</b>	<b>9.800.000</b>	<b>0</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .....	(24.870.018)	22.004.300	0	(2.865.718)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .	0	(22.004.300)	0	(22.004.300)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>(57.670.018)</b>	<b>23.000.000</b>	<b>9.800.000</b>	<b>(24.870.018)</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(6.609.490)	(1.026.000)	0	(7.635.490)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>(64.279.508)</b>	<b>21.974.000</b>	<b>9.800.000</b>	<b>(32.505.508)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samanstanda af innheimtu á leyfisgjöldum.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisryrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisryrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádræginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2024	2023
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(32.800.000)	23.000.000	0	(9.800.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(32.800.000)</b>	<b>23.000.000</b>	<b>0</b>	<b>(9.800.000)</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(6.609.490)	(1.026.000)	0	(7.635.490)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(39.409.490)</b>	<b>21.974.000</b>	<b>0</b>	<b>(17.435.490)</b>

	2024	2023
<b>3 Rekstrartekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	624.524.179	636.431.215
	<u>624.524.179</u>	<u>636.431.215</u>

<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	23.689.743	24.251.106
Ýmsar tekjur .....	16.214.609	4.008.059
	<u>39.904.352</u>	<u>28.259.165</u>

<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	379.532.810	354.200.168
Orlof, breyting .....	(840.894)	7.759.767
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	0	2.984.100
Launatengd gjöld .....	86.856.116	81.541.823
Starfsmannakostnaður .....	7.219.847	6.877.292
	<u>472.767.879</u>	<u>453.363.150</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	32,2	33,0

<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	573.658	769.829
Byggingarvörur, almennar .....	(3.290)	914.775
Tæki og búnaður til innréttinga .....	3.450	650.819
Ýmis tæki og áhöld .....	2.859.496	2.809.787
Orkugjafir .....	407.635	607.029
Matvæli .....	10.487.695	10.844.569
Almennar rekstrarvörur .....	461.425	2.828.655
Vörukaup, almenn	<u>14.790.069</u>	<u>19.425.463</u>

## Skýringar

	2024	2023
<b>6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Kennslu- og fündurvörur .....	174.298	110.000
Ýmsar sérgreindar vörur .....	23.957	5.016
Vörukaup, sérgreind	198.255	115.016
Fundir, námskeið, risna .....	2.109.310	2.495.241
Ferðir, uppihald .....	23.494.824	10.942.034
Akstur .....	2.279.622	1.065.329
Sérfræðiþjónusta .....	67.409.749	66.182.803
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	174.176	168.524
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	8.530.589	6.511.344
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	707.242	1.929.315
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	104.705.512	89.294.590
Afnotagjöld .....	19.349.816	17.249.321
Leigugjöld .....	50.114.036	32.971.063
Notkun véla og flutningatækja .....	0	827.942
Verkkaup .....	5.769.529	56.165.563
Kostnaðarhlutdeild .....	0	1.840.228
Tryggingar, lögboðnar .....	0	343.459
Opinber gjöld .....	0	2.259.246
Tilfærslur .....	0	800.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	75.233.381	112.456.822
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(7.750.000)	(6.834.425)
Annar rekstrarkostnaður samtals	187.177.217	214.457.466
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	7.139.862	5.705.973
Sölutap og úreltar eignir .....	0	2.121.417
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	3.843.753	315.629
	10.983.615	8.143.019
	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>8 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	46.100	0
Tékkareikningar .....	18.453.143	37.321.641
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	1.083.102	2.623.265
	19.582.345	39.944.906

## Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	169.210.313	228.445.868
Aðrir ríkisaðilar .....	0	87.463
	<u>169.210.313</u>	<u>228.533.331</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	(984.061)	2.992.841
	<u>(984.061)</u>	<u>2.992.841</u>

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	35.953.023	39.163.770
Aðrar eignir .....	1.500.000	1.500.000
	<u>37.453.023</u>	<u>40.663.770</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024 .....	61.351.926	1.500.000	62.851.926
Viðbætur á árinu .....	3.929.115	0	3.929.115
	<u>65.281.041</u>	<u>1.500.000</u>	<u>66.781.041</u>
Afskriftir 01.01.2024 .....	22.188.156	0	22.188.156
Afskrift ársins .....	7.139.862	0	7.139.862
	<u>29.328.018</u>	<u>0</u>	<u>29.328.018</u>
Staða 31.12.2024 .....	<u>35.953.023</u>	<u>1.500.000</u>	<u>37.453.023</u>

31.12.2024 31.12.2023

### 11 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir .....	24.976.385	17.990.309
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir .....	0	10.829.829
	<u>24.976.385</u>	<u>28.820.138</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024 .....	18.316.298
Viðbætur á árinu .....	10.829.829
	<u>29.146.127</u>
Niðurfært 01.01.2024 .....	325.989
Niðurfærsla ársins .....	3.843.753
	<u>4.169.742</u>
Staða 31.12.2024 .....	<u>24.976.385</u>

## Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	48.983.858	49.824.752
Önnur ógreidd gjöld .....	621.514	50.180.932
	<u>49.605.372</u>	<u>100.005.684</u>

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	226.834.282	239.288.847
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(22.004.300)	0
Afkoma ársins .....	(7.635.490)	(12.454.565)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>197.194.492</u>	<u>226.834.282</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur skuldbindandi samning um húsnæði, greiðslur vegna 2025 eru áætlaðar 49,4 m.kr.. Rekstrar- og þjónustusamningar eru áætlaðar kr. 20,5 milljónum. Styrktar- og samstarfssamningar eru í gildi til ársloka 2026, greiðslur árið 2025 eru áætlaðar 1,0 m.kr.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.